

inni 2 mánaða bráðabirgðasviptingu hans frá 15. maí til 15. júlí s.l.
 Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.
 Þorvaldur G. Einarsson fulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Eypór Magnús Kjartansson, Lækjarkoti, Borgarhreppi, Mýrasýslu, greiði 2.500.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 1 ár að frádreginni tveggja mánaða bráðabirgðasviptingu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 27. janúar 1969.

Nr. 143/1968. **Sigrun Karin Holdal**

(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.).

gegn

Péttri G. Jónssyni (Benedikt Blöndal hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupgjald.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1968, krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða henni kr. 325.668.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. júlí 1967 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Vangoldin laun áfrýjanda fyrir störf, er í málinu greinir, þykja hæfilega ákveðin kr. 120.000.00. Ber stefnda að greiða þá fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1967 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 46.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Pétur G. Jónsson, greiði áfrýjanda, Sigrun Karin Holdal, kr. 120.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1967 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 46.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. júní 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 6. þ. m., hefur Sigrun Karin Holdal, til heimilis að Túngötu 42, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 3. nóvember 1967, á hendur Pétri G. Jónssyni, Goðheimum 6, Reykjavík, til greiðslu ráðskonukaups að fjárhæð kr. 325.668.00 með 8% ársvöxtum frá 1. júlí 1967 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi hefur látið sækja þing í málinu, og lögð hefur verið fram greinargerð af hans hálfu. Í þeirri greinargerð gerir stefndi þær kröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Málavextir eru þeir að sögn stefnanda, að á tímabilinu frá 1. nóvember 1960 til 10. janúar 1966 var hún starfandi sem ráðskona á heimili stefnda, þá til heimilis fyrst að Eskihlíð 33 og síðan að Goðheimum 6, Reykjavík. Kveðst stefnandi hafa annazt öll venjuleg ráðskonustörf á heimilinu, sem verið hafi mjög umsvifamikil, enda hafi stefndi á umræddu tímabili og sé enn forstjóri fyrir stóru fyrirtæki hér í borg, Véltækni h/f.

Með stefnda eignaðist stefnandi tvö börn, Sunnevu, fædda 10. júlí 1962, og Steinunni, fædda 23. nóvember 1963. Ól stefndi önn fyrir börnunum að sínum hluta, á meðan stefnandi dvaldist á heimili hans, eða til 10. janúar 1966, en síðan hefur stefndi greitt meðalmeðlag með börnunum frá 1. febrúar 1966.

Stefnandi hefur borið fyrir réttinum, að hún hafi annazt venjuleg húsmóðurstörf á heimili stefnda, meðan hún bjó með honum, svo sem matseld, þvotta, ræstingu íbúðar og þjónustu. Sagði stefnandi, að á sambýlistíma þeirra hefði ekki verið um aðkeypta heimilishjálp að ræða, en hins vegar muni hafa verið sent í þvottahús einu eða tvisvar sinnum, meðan hún hafi verið lasin vegna barnsburðar.

Stefnandi hefur borið, að þegar hún hóf störf hjá stefnda, hafi verið lauslega um það rætt þeirra í milli, að stefndi mundi greiða henni kr. 2.000.00 á mánuði í kaup. Aldrei hafi þó verið endanlega frá þessu gengið og um reglulegar kaupgreiðslur af hendi stefnda til stefnanda hafi ekki verið að ræða. Hins vegar sagði stefnandi, að stefndi hefði látið henni í té fé til persónulegra þarfa, þegar hún hafi þurft á því að halda. Ekki gat stefnandi greint frá því, hversu mikið fé hér hefði samtals verið um að ræða á sambýlistíma þeirra, enda kvaðst hún ekki hafa haldið bókhald um þessar greiðslur. Hún kvað stefnda hafa á sambýlistíma þeirra gefið sér saumavél og strauvél, og kvaðst hún hafa haldið þessum munum, þegar sambúð þeirra slitnaði. Enn fremur tók stefnandi fram, að stefndi hefði gefið henni einhvern fatnað á sambýlistímanum, og mundi sérstaklega eftir í því sambandi tveim kjólum og kápu. Hún kvað stefnda aldrei hafa gefið sér skartgrip í sambýlistíma þeirra og kvaðst ekki muna eftir fleiri gjöfum frá stefnda en að ofan greinir.

Lögmaður stefnanda hefur fengið Þóri Bergsson, cand. act., til þess að reikna út verðmæti ráðskonukaups stefnanda fyrir framangreint tímabil. Miðar tryggingafræðingurinn við, að ráðskonukaup hafi breytt á sama hátt og mánaðarkaup kvenna samkvæmt Iðjutaxta. Jafnframt notar hann við útreikninginn innlánsvexti af venjulegum sparisjóðsbókum. Út frá þessu hefur tryggingafræðingurinn fundið út tvær formúlur, þar sem annars vegar er gert ráð fyrir meðalheimili allan tímann, en þá fékkst eftirfarandi formúla fyrir verðmæti kaupsins pr. 1. júlí 1967:

1. Verðmæti kaups sama sem $12 \times L \times 3.877.00$. Sé hins vegar gert ráð fyrir að mánaðarkaupið hafi verið hálf L , meðan heimilið var barnlaust, og $\frac{3}{4} L$ með eitt barn, þá fæst þessi formúla:
2. Verðmæti kaups sama sem $12 \times L \times 3.306.00$.

L í formúlum þessum táknar laun stefnanda í krónutölu á mánuði á núverandi kauplagi. Er þá eftir að ákveða, hvaða mánaðarlaun á núgildandi kauplagi beri að leggja til grundvallar svo og við hvora formúluna á að miða.

Í stefnu miðar stefnandi kröfu sína við það, að mánaðarlaunin séu í dag kr. 7.000.00 auk fæðis og húsnæðis. Telur stefnandi, að hér sé um sízt of háa fjárhæð að ræða bæði með tilliti til verðlags svo og launa annarra stétta í dag, t. d. hjá Iðju. Stefnandi miðar einnig kröfu sína við fyrri formúluna, þar sem hún telur,

að sú formúla gefi sannari og réttlátari mynd af starfi því, sem hún innti af hendi á heimili stefnda, enda sé alls ekki einhlítt að miða eingöngu við barnafjölda til að dæma um starfsmagn, sem hvíli á ráðskonu. Þar komi einnig til greina íbúðarstærð, atvinna heimilisföður o. fl.

Samkvæmt þessu er stefnukrafan reiknuð út á eftirfarandi hátt: $12 \times 7.000.00 \times 3.877.00 = 325.668.00$.

Með bréfi, dags. 13. október 1967, krafði lögmaður stefnanda stefnda um greiðslu ofangreindrar fjárhæðar. Í kröfubréfi þessu er þess væntzt, að fjárhæð þessi verði greidd fyrir 25. október 1967 eða samið um greiðslu hennar. Þar sem svar hafi eigi borizt frá stefnda við kröfubréfi þessu, kveður stefnandi sér nauðsyn að höfða mál þetta á hendur stefnda til innheimtu kröfu sinnar.

Svo sem fyrr er getið, hefur verið lögð fram greinargerð í máli þessu af hálfu stefnda. Þegar þingað var í málinu hinn 6. þ. m. og stefnandi kom fyrir réttinn til skýrslugjafar, var hins vegar ekki sótt þing af hálfu stefnda. Hafði lögmanni hans þó verið tilkynnt um réttarhald þetta með venjulegum hætti, en ekki boðað forföll. Er stefnandi hafði gefið aðiljaskýrslu sína fyrir réttinum, sem rakin hefur verið hér að framan, krafðist lögmaður hennar þess, að málið yrði tekið til dóms. Var málið því dómtekið samkvæmt kröfu lögmanns stefnanda.

Vegna útvistar af hálfu stefnda í nefndu réttarhaldi er mál þetta því flutt skriflega samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936.

Í greinargerð þeirri, sem lögð hefur verið fram af hálfu stefnda í málinu, er sýknukrafa hans studd þeim rökum, að stefnandi hafi fengið fé til heimilishalds og eigin þarfa úr hendi stefnda, meðan á sambúð þeirra hafi staðið. Hafi stefndi séð um heimilið fjárhagslega að öllu leyti. Kröfu stefnanda nú um ráðskonukaup mótmælir stefndi, enda hafi stefnandi ekki verið ráðskona hjá stefnda, heldur sambýliskona hans. Sérstaklega mótmælir stefndi framangreindum útreikningi tryggingafræðingsins sem röngum og óstaðfestum og máli þessu óviðkomandi.

Fallast verður á það með stefnanda, að hún eigi rétt á launum fyrir störf sín í þágu heimilis hennar og stefnda á samvistartímnum. Hins vegar þykir eigi unnt að leggja útreikning tryggingafræðingsins til grundvallar við ákvörðun á þessum launum til handa stefnanda vegna þeirrar dómvenju, sem myndast hefur hér á landi í slíkum málum sem þessum. (Sbr. t. d. Hæstaréttar-

dóma, í 25. bindi, bls. 577, í 34. bindi, bls. 41, og í 35. bindi, bls. 843. Enn fremur má nefna dóma bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðna 15. júlí 1965 og 3. september 1965).

Þegar þetta er haft í huga, þykir launakrafa stefnanda eftir öllum atvikum hæfilega ákveðin kr. 70.000.00. Verður stefndi dæmdur til að greiða þá fjárhæð ásamt vöxtum, er þykja hæfilega ákveðnir 7% ársvextir frá 1. júlí 1967 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 14.500.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Pétur G. Jónsson, greiði stefnanda, Sigrun Karin Holdal, kr. 70.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1967 til greiðsludags. Stefndi greiði stefnanda kr. 14.500.00 í málskostnað. Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 31. janúar 1969.

Nr. 195/1967: Dánarþú Helgu Hafsteinsdóttur

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Bernhard Petersen h/f

(Guðmundur Pétursson hrl).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramirnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Helga Hafsteinsdóttir áfrýjaði máli þessu með stefnu 11. desember 1967. Hún andaðist 13. júní 1968, og hefur dánarþú hennar tekið við aðild málsins.